

Skaftárhreppur  
Klausturvegi 15  
880 Kirkjubæjarklaustur

|                  |
|------------------|
| Umhverfisstofnun |
| Ás.              |
| 01. NOV. 2011    |
| 8.14.2           |
| Tilv.            |



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 1. nóvember 2011  
Tilvísun: UST20110100052/edk

### Áform um dagsektir og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 22. september 2011 þar sem Skaftárhreppi var veitt áminning sbr. 2. mgr. 48. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs þar sem útblásturgildi lífræns kolefnis var enn yfir leyfilegum losunarmörkum og útblásturhraði var undir viðmiðunarmörkum. Umhverfisstofnun veitti Skaftárhreppi frest til 13. október 2011 til að koma með tímasetta áætlun um úrbætur.


Umhverfisstofnun hefur hvorki borist tímasett áætlun um úrbætur né staðfesting á að útblásturgildi lífræns kolefnis hafi lækkað og útblásturshraði hafi verið aukinn. Í ljósi þessa áformar stofnunin að beita dagsektum þar til úr er bætt, sbr. 2. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 739/2003. Stofnunin áformar að leggja dagsektir á Skaftárhrepp að upphæð kr. 25.000 á dag frá og með 23. nóvember 2011 til 23. janúar 2011 en þá mun upphæð dagsekta hækka í kr. 50.000 til 23. maí 2012.


Umhverfisstofnun veitir hér með Skaftárhreppi frest til 16. nóvember 2011 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1994.

Beri ofangreindar þvingunaraðgerðir ekki árangur innan 6 mánaða/fyrir 23. maí 2012 mun Umhverfisstofnun taka til skoðunar takmarkanir á starfsemi eða sviptingu starfsleyfis.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að ákvörðun um dagsektir mun verða birt á vefsetri Umhverfisstofnunar komi til slíkrar ákvörðunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsetri sínu sjónarmið fyrirtækisins.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri

  
Sigríður Kristjánsdóttir  
deildarstjóri